

**Austurbrú ses. – 7. stjórnarfundur  
haldinn kl. 15, miðvikudaginn 13. ágúst 2012  
að Hafnargötu 28, Seyðisfirði**

**Mættir:** Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Sverrir Mar Albertsson, Skúli Björn Gunnarsson (mætti kl. 15.45), Anna Dóra Helgadóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Þórunn Eymundardóttir. Rögnvaldur Ólafsson boðaði forföll vegna sumarleyfis.

**Dagskrá:**

1. Kynning á Sagnabrunni ehf og mögulegt samstarf við Austurbrú
2. Kynning á starfsstöð Austurbrúar á Seyðisfirði
3. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs, fundarsköp o.fl.
4. Staða mála kynnt af framkvæmdaráði
5. Þátttaka Austurbrúar í sýningunni „Okkar samfélag“ 18. og 19. ágúst
6. Störf millistjórnenda á næstu vikum, starfsmannafundur o.fl.
7. Ráðning framkvæmdastjóra
8. Önnur mál

*Formaður setti fund kl. 15.00 og gengið var til dagskrár.*

**1. Kynning á Sagnabrunni ehf**

Rannveig Þórhallsdóttir framkvæmdastjóri Sagnabrunns ehf kynnti þau verkefni sem fyrirtækið vinnur að, s.s. þýðingu á tollalöggjöf Evrópusambandsins. Hún kynnti hverskyns verkefni Sagnabrunnur gæti t.d. tekið að sér á sviði sérfræðipjónustu, s.s. styrkjaumsóknir. Hún minnti einnig á sérfræðipjónustuna Áróru sem er samstarfsnet sérfræðinga.

**2. Kynning á starfsstöð Austurbrúar**

Gengið um húsið og skoðuð sú aðstaða sem er í boði fyrir Austurbrú í „Silfurhöllinni“ að Hafnargötu 28. Eitt stórt herbergi á efri hæð er laust sem getur verið starfsstöð fyrir tvo. Ef til þess kemur að námsver bætist við eru laus tvö herbergi undir slíkt á neðri hæð. Sameiginleg kaffiástaða og fundaherbergi í húsinu. Samþykkt að ganga til samninga um þetta eina herbergi á efri hæð til að byrja með.

*Skúli Björn mætti til fundar.*

**3. Fundargerðir**

Undirritun fundargerða frestað til næsta fundar og einnig umræðu um drög að verklagsreglum og fundarsköpum fyrir stjórn.

**4. Staða mála**

Anna Dóra fór yfir stöðu fjármála. Bókhaldið er komið í gang hjá SKRA og búið að gera verkreglur og verkferla varðandi bókanir og greiðslur. Stofnefnahagsreikningur er að verða tilbúinn. Gert er ráð fyrir að fyrir næsta stjórnarfund verði búið að koma saman raunhæfri fjárhagsáætlun.

Stjórn telur mikilvægt að fulltrúar sviðanna fái ákveðinn aðgang að bókhaldi sinna sviða og verkefnisstjórum verði gert kleift að hafa yfirsýn yfir fjármál sinna verkefna. Samþykkt að setja hið fyrsta vinnureglur um greiðslur styrkja, greiðslur reikninga og

samþykktir á slíkar greiðslur sem verða rafrænar í nýju bókhaldskerfi. Gjaldkeri stofnunarinnar mun annast allar greiðslur.

Sverrir gerði grein fyrir stöðu starfsmannamála og tækni- og kynningarmál. Starfsfólk er að koma til baka úr fríum. Starfsmannafundur verður nk. fimmtudag og fór hann yfir dagskrá fundarins. Hann rakti hvernig tæknimálin standa. Búið er að endurskoða þau mál og leita leiða til að fara sem einfaldast og ódýrasta leið til að koma öllum inn í sama kerfi og grunn og geyma að ganga þá leið sem miðað var við í stóru tilboðunum sem tæknihópurinn var búinn að fá. Sverrir mun leggja nýjar hugmyndir, sem hann hefur fengið Austurnet til að vinna minnisblað um, fyrir tæknihóp starfsmanna í vikunni. Stjórn telur ákjósanlegt að reyna þessa leið sem lítur út fyrir að vera bæði hagkvæm og fullnægjandi sem og nýtanleg í framtíðinni inn í stærri kerfi.

Sverrir fór yfir minnisblað sem hann hafði sent stjórn varðandi starfsstöð á Hornafirði sem Þekkingarnetið var að þjónusta. Hann gerði grein fyrir fundum sem hann átti með Hjalta bæjarstjóra og Eyjólfí skólameistara FAS en hann tók það að sér í samráði við Valdimar. Stjórn felur Sverri í nánú samráði við fulltrúa símenntunar og háskólanáms og rannsókna að semja við Sveitarfélagið Hornafjörð um áframhaldandi starfsemi Austurbrúar á Höfn – með sérstaka áherslu á háskólamenntun og símenntun. Samningurinn verði síðan tekinn sérstaklega fyrir á stjórnarfundum til afgreiðslu með tilheyrandi fjárhagsupplýsingum.

Valdimar kynnti afgreiðslu starfsháttanefndar varðandi greiðslur til stjórnarmanna vegna þeirra starfa sem þeir inna af hendi meðan framkvæmdastjóra vantar hjá stofnuninni. Nefndin leggur til að greitt verði í heilum og hálfum dögum skv. launataxta millistjórnenda og stjórnarmenn haldi saman þeim tímum sem þeir vinna. Framkvæmdaráð fari sameiginlega yfir tímana og Valdimar taki við tímaskráningum frá öðrum stjórnarmönnum. Þessar vinnuskýrslur verði lagðar fram á stjórnarfundum og laun síðan gerð upp annan hvern mánuð eins og fyrir stjórnarfundum.

Valdimar fór yfir þær viðræður sem hann hefur átt við Seyðisfjarðarkaupstað varðandi samstarf um starfsmenn og verkefni. Lagt er til að Austurbrú taki að sér verkefnið Miðstöð menningarfræða á Austurlandi sem kostað hefur verið af norðausturpeningum frá ríkinu og ráði til þess nýjan starfsmann en Árný Bergsdóttir sem verið hefur yfir því verkefni er að taka við starfi markaðsfulltrúa hjá Austurbrú. Stjórn felur Valdimar að vinna málið áfram.

Valdimar sagði einnig frá því að á döfinni væri fundur með forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar til þess að ræða samstarfssamning við Austurbrú.

## **5. Þátttaka Austurbrúar í „Okkar samfélag“**

Ólafur Áki hefur haldið utan um kynningu Austurbrúar á starfsemi á þessari sýningu sem verður á Egilsstöðum nk. helgi. Kostnaður vegna þátttöku verður innan við 200 þús. kr. og hægt að nota kynningarefni áfram. Stjórn samþykkir þann kostnað.

Rætt var um PR-mál Austurbrúar og allir í stjórn sammála um að með haustinu verði að leggjast í þau mál og koma þeim í gott horf.

## 6. Störf millistjórnenda á næstu vikum, starfsmannafundur, fagráðsfundur o.fl.

Sverrir mun funda með öllum heilsársstarfsmönnum nk. fimmtudag og óskaði eftir leyfi stjórnar til að móta með starfsfólki tillögur um skýra vinnuferla og samskiptareglur. Samþykkt.

Farið var yfir hvenær starfsmenn eru að koma úr sumarfrí og nýir starfsmenn að taka til starfa.

Fundur í fagráði Austurbrúar hefur verið boðaður 16. ágúst og ætlar Valdimar að vera í sambandi við formann fagráðs varðandi hann.

## 7. Ráðning framkvæmdastjóra

Stjórn er einhuga um að auglýsa aftur eftir framkvæmdastjóra. Valdimar falið að ræða við Hagvang um hugsanlega aðkomu þeirra að auglýsingu og ráðningarferli. Stefnt er að auglýsingu fyrir miðjan september.

## 8. Önnur mál

a) Næsti stjórnarfundur ákveðinn þriðjudaginn 4. september kl. 15.

b) Erindi til stjórnar frá Mánatölvum vegna tilboðs í bókhald tekið fyrir. Stjórn felur framkvæmdaráði að svara því.

c) Valdimar gerði grein fyrir erindi frá Pétri Guðjónssyni vegna undirbúningsvinnu vegna stefnumótunar. Stjórn felur formanni að svara því erindi með vísan í samþykkir stjórnar og framkvæmdaráðs.

d) Sigrún tók upp umræðu um upplýsingaflæði frá stjórn til stofnaðila, varamanna í stjórn og frá stofnuninni almennt. Talið brýnt að koma þeim málum í fastari skorður, s.s. útsending fundargerða eða aðgengi að þeim á netinu og jafnvel frétttaflæði til stofnaðila. Umræðu um það verður framhaldið á næsta fundi.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.30.*

Skúli Björn ritaði fundargerð

Valdimar O. Hermannsson

Sverrir Mar Albertsson

Anna Dóra Helgadóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir

Þórunn Eymundardóttir

Sigrún Blöndal